

Starfsmaður í Félagsmiðstöð

Starfsmaður í Valhöll er ráðinn af skólastjóra og lýtur daglegri verkstjórn hans. Skólastjóri ber ábyrgð á störfum starfsmanns. Starfsmaður á í samskiptum við börn, foreldra, kennara og starfsmenn annarra félagsmiðstöðva eftir því sem við á. Starfsmaður er bundinn þagnarheiti um þau atriði er varða nemendur og starfsfólk skólans persónulega.

Starfsmaður tekur þátt í uppeldis- og þjónustustarfi og öðrum þeim störfum sem fram fara innan skólans þar sem megináhersla er lögð á velferð og vellíðan nemenda. Starfsmanni ber að stuðla að því að umgengni við skólahúsnæðið verði ætíð sem best.

- ⑩ Gerir skipulag um framkvæmd opinna húsa fyrir veturinn í samvinnu við nemendur. Árs, hálfárs eða mánaðarplan sendir hann til skólastjóra sem setur á heimasíðu skólans.
- ⑩ Heldur opið hús fyrir 1. -4.bekk sex sinnum á vetri, tvisvar í mánuði fyrir 5.-7. bekk og einu sinni í viku fyrir 8.-10.bekk.
- ⑩ Sér um samskipti við aðrar félagsmiðstöðvar og Samfés, situr samstarfsfundum og fer í sameiginlegar ferðir með nemendum.
- ⑩ Tekur þátt í félagsstarfi samskólanna og skipuleggur viðburði í því samstarfi.
- ⑩ Undirbýr og vinnur skólablað í samstarfi við nemendur og kennara skólans.
- ⑩ Sér til þess að í Félagsmiðstöð sé boðið upp á fjölbreytta afþreyingu sem tekur mið af þörfum og áhugasviði nemenda.
- ⑩ Önnur verk sem starfsmanni er falið af skólastjóra og flokkast undir verksvið hans.